




Látum Hörpu hljóma

Ragnheiður Gröndal ásamt
Karlakórnum Fóstbræður



Bláu augun þín

Bláu augun þín
blika djúp og skær,
lýsa leiðina mína
líkt og stjörnur tvær.

Þó að liggja leið
mín um langan veg,
aldrei augnanna þinna
eldi gleymi ég.

Þau minna á fjallavótnin fagurblá,
fegurð þá
einn ég á.

Bláu augun þín
blika djúp og skær,
lýsa leiðina mína
líkt og stjörnur tvær.

Gunnar Þórðarson / Ólafur Gaukur Þórhallsson

Spáðu í mig

Kvöldin eru kaldlynd útá Nesi
kafaldsbylur hylur hæð og lægð
kalinn og með koffortið á bakinu
kem ég til þín segjandi með hægð:

Spáðu í mig
þá mun ég spá í þig
spáðu í mig
þá mun ég spá í þig.

Nóttin hefur augu eins og flugan
og eflaust sér hún mig þar sem ég fer
heimulega á þinn fund að fela
flöskuna og mig í hendi þér

Spáðu í mig
þá mun ég spá í þig
spáðu í mig
þá mun ég spá í þig.

Finnst þér ekki esjan vera sjúkleg
og akrafjallið geðbilað að sjá
ef ég bið þig um að flýja með mér
til omdúrman þá máttu ekki hvá

Spáðu í mig
þá mun ég spá í þig
spáðu í mig
þá mun ég spá í þig.

Og kvöldin eru kaldlynd út á Nesi
kafaldsbylur hylur hæð & lægð
kalinn og með koffortið á bakinu
kem ég til þín segjandi með hægð

Spáðu í mig
þá mun ég spá í þig
spáðu í mig
þá mun ég spá í þig

Megas

Skýið

Mín leiðin löng er síðan
ég lagði upp í ferð.
Ég er ei efnismikið,
ekki lengi verð.

Vertu fljótur vinur,
ég veitt get svör við því
sem viltu fá að vita
um veðurofsans gný.

Vertu' ei spar að spyrja
en spjara vel þinn hug,
flýtt þér áður feykja
mér farvindar á bug.

Mín biður eitt það besta
banamein á jörð,
að leysast upp í læðing
sem litar tímans svörð.

Þjörgvin Halldórsson / Vilhjálmur Vilhjálmsson

Reyndu aftur

Þú reyndir allt, til þess að ræða við mig
í gegnum tíðina, ég hlustaði ekki á þig.
Ég gekk áfram minn veg, niður til heljar hérumbil.
Reyndu aftur, ég bæði sé og veit og skil.

Nú hvert sem er skal ég fylgja þér,
yfir Esjuna til tunglsins trúðu mér.
Ég gekk minn breiða veg, niður til heljar hérumbil.
Reyndu aftur, ég bæði sé og veit og skil.

Magnús Eiríksson

Vikivaki

Sunnan yfir sæinn breiða
sumarylinn vindar leiða
draumalandsins himinheiða
hlær og opnar skautið sitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt.

Gakk þú út í græna lundinn,
gáðu fram á bláu sundin,
mundu' að það er stutt hver stundin,
stopult jarðneskt yndið þitt.
Vorið kemur, heimur hlýnar,
hjartað mitt.

Valgeir Guðjónsson / Jóhannes úr Kötlum

Ást

Sólin brennir nóttina,
og nóttin slökkvir dag;
þú ert athvarf mitt fyrir
og eftir sólarlag.

Þú ert yndi mitt áður
og eftir að dagur rís,
svölun í sumarsins eldi
og sólbráð á vetrarins ís.

Svali á sumardögum
og sólskin um vetrarnótt,
þögn í seiðandi solli
og söngur, ef allt er hljótt.

Söngur í þöglum skógum
og þögn í borganna dyn,
þú gafst mér jörðina og grasið
og guð á himnum að vin.

Þú gafst mér skýin og fjöllin og guð
til að styrkja mig.
Ég fann ei, hvað lífið var fagurt,
fyrir en ég elskaði þig.

Ég fæddist til ljóssins og lífsins,
er lærði ég að unna þér,
og ást mín fær ekki fölnað
fyrir en með sjálfri mér.

Aldir og andartök hrynja
með undursamlegum nið;
það er ekkert í heiminum öllum
nema eilífiðin, guð og við.

Þú gafst mér skýin og fjöllin og guð
til að styrkja mig.
Ég fann ei, hvað lífið var fagurt,
fyrir en ég elskaði þig.

Ég fæddist til ljóssins og lífsins,
er lærði ég að unna þér,
og ást mín fær ekki fölnað
fyrir en með sjálfri mér.

Magnús Þór Sigmundsson / Sigurður Nordal

Ég þakka

Ég þakka
allt sem á ég í dag
Ég þakka
hverja gjöf, hvert sólarlag.

Hvað sem verður á morgun
ég bara hugsa' um það þá
hvað sem verður á morgun
það er tímans að sjá.

Ég þakka
allt sem liðið er nú
Ég þakka
og held áfram í trú

Hvað sem verður á morgun
ég bara hugsa' um það þá
Hvað sem verður á morgun
það er tímans að sjá.

Og það öllu fær breytt
ef ég man að mig vantar ekki neitt
já það fær öllu breytt
ef ég man að mig vantar ekki neitt
bara' ef ég man
að þakka

Ég þakka.

Ragnheiður Gröndal

Einu sinni á ágústkvöldi

Einu sinni á ágústkvöldi
austur í Þingvallasveit
gerðið í dulitlu dragi
dulítið sem enginn veit,
nema við og nokkrir prestir
og kjarrið græna inn í Bolabás
og Ármannsfellið fagurblátt
og fannir Skjaldbreiðar
og hraunið fyrir sunnan Eyktarás.

Þó að æviárin hverfi
út á tímans gráa, rökkurveg,
við saman munum geyma þetta
ljúfa leyndarmál,
landið okkar góða, þú og ég.

Jón Múli Árnason/Jónas Árnason

Einhvers staðar einhvern tímann aftur

Einhvers staðar einhvern tímann aftur.
liggur leiðin um veginn til mín
og þú segir: Ég saknaði þín.
Ég saknaði þín.

Kyrrilátt kvöldið hvísar ástarorðum
út í buskann, hver heyrir þau nú?
Út úr lífi mínu labbaðir þú.
Labbaðir þú.

En ég nenni ekki að hanga hér
þó hugur dvelji oft hjá þér,
lífið bíður líka eftir þér.
Það er alveg nóg af sorg og sýt
svo ég ætla eitthvað út
að finna einhvern félagsskap
því hik þú veist er sama og tap.

Nú er bráðum tími til að þegja
því að ósagt nú á ég svo fátt
en ég sendi þér kveðju í sátt.
Kveðju í sátt.

Magnús Eiríksson

Samferða

Opna dyr upp á gátt
til að bjóða mína sátt.
Það sem einu sinni var,
það getur lifnað við á ný.

Annað líf, enginn veit,
endalaus er okkar leit.
Ef þú átt aðeins þetta líf
er betra að fara að lífa því.

Samferða, öll við erum samferða.
Hvert sem liggur leið,
gatan mjó og breið,
torfær eða greið.

Viltu ganga um mínar dyr?
Verst ég opnaði ekki fyrir
en ég veit að enn er hægt
að biðja um meiri og betri byr

Magnús Eiríksson

Ég er kominn heim

Er völlur grær og vetur flýr
og vermír sólin grund,
kem ég heim og hitti þig,
verð hjá þér alla stund.

Við byggjum saman bæ í sveit
sem brosir móti sól,
þar ungu lífi landið mitt,
mun ljá og veita skjól.

Sól slær silfri á voga,
sjáðu jökullinn loga.
Allt er bjart fyrir okkur tveim
því ég er kominn heim.

Að ferðalokum finn ég þig
sem mér fagnar höndum tveim.
Ég er kominn heim,
já ég er kominn heim.

Emmerich Kálmán / Jón Sigurðsson

Fallegur dagur

Veit ekki hvað vakti mig,
vill liggja um stund.
Togar í mig tær birtan,
lýsir upp mína lund.

Þessi fallegi dagur,
þessi fallegi dagur.
Aaa aaa aaa aaa.

Íslenskt sumar og sólin
syngja þér sitt lag.
Þú gengur glöð út í hitann,
inn í draumbláan dag.

Þessi fallegi dagur,
þessi fallegi dagur.
Aaa aaa aaa aaa.

Mávahvítt ský dormar dofið,
inn í draum hringsins er það ofið.
Hreyfist vart úr stað.
Konurnar blómstra brosandi sælar,
sumarkjólar, háir hælur.
Kvöldið vill komast að.

Þessi fallegi dagur,
þessi fallegi dagur.
Aaa aaa aaa aaa.

Bubbi Morthens